

Umsögn um þingmál — Þingskjal 277 — 215. mál árið 2013.

Varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, m.s.b.

Umsagnaraðili: Hagstofa Íslands

Í samræmi við reglugerð (EB) 2150-2002 um hagskýrslur um úrgang ber Íslandi að safna tölulegum gögnum um úrgang til birtingar í hagskýrslum innanlands og til útsendingar til Hagstofu Evrópu (Eurostat). Hagstofa Íslands er sá lögaðili sem þessi reglugerð EB tekur til.

Hagstofan hóf árið 2012 að huga að söfnun og úrvinnslu gagna fyrir hagskýrslur um úrgang fyrir tilstilli m.b. IPA styrks frá Hagstofu Evrópu og hefur í því verki haft gott samstarf við sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Í því starfi hefur komið í ljós að gagnasöfnun Umhverfisstofnunar um myndun og meðhöndlun úrgangs nær nokkuð langt til að uppfylla gagnaþarfir EB reglugerðarinnar. Nokkuð vantar þó upp á varðandi áreiðanleika gagna, markvissni í gagnasöfnun og sundurliðun eftir atvinnugreinaflokkum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, m.s.b. er gott skref til að skerpa á áreiðanleika og markvissni í gagnasöfnun Umhverfisstofnunar varðandi úrgangsmál. Þá sér í lagi 8. gr. frumvarpsins, sem tiltekur að starfsleyfisskyldir rekstraaðilar sem meðhöndla úrgang og önnur fyrirtæki sem meðhöndla eigin úrgang skuli senda töluleg gögn á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til. Einn helsti óvissuþáttur í innsöfnun og úrvinnslu gagna virðist einmitt hafa verið að gagnaskráningar rekstraraðila sem meðhöndla úrgang hafa verið með ósamræmdum hætti og að gögn hafa ekki borist til Umhverfisstofnunar með markvissum hætti. Lagt er til að þess verði gætt í 8. gr. að gögn sem vísað er til í ársskýrslum eða skýrslu um grænt bókhald verði einnig á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til, sbr. 1. mgr. Ef slíkt er ekki tiltekið er hætt við að vísað verði til ófullnægjandi gagna eða gagna á ólíku gagnaformi, en slíkt eykur verulega við tíma og kostnað vegna úrvinnslu gagna.

Þar sem fyrrgreind reglugerð EB hefur ekki verið formlega innleidd á Íslandi og gert kostnaðarmat þar að lútandi, telur Hagstofa Íslands að breytingar lagafrumvarpsins geti verið mikilvægt skref í að innleiða EB reglugerðina. Hagstofan er einnig reiðubúin til frekara samstarfs við gagnaúrvinnslu og hagskýrslugerð varðandi úrgangsmál, t.d. varðandi skráningu og úrvinnslu á tölfræði um töluleg markmið í samræmi við i-lið 4. gr. lagafrumvarpsins. Sú reglugerð sem nefnd er í i-lið 4. gr. gæti einnig verið frekari vettvangur til að innleiða hluta af fyrrgreindri reglugerð EB.